




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Draumasviðið



Eva Halldóra Guðmundsdóttir

Frístundamiðstöðin Tjörnin, Austurbæjarskóli og Háskóli Íslands.

Skólaárið 2019-2020



Skýrsla um þróunar- og nýsköpunarverkefni v. Menntastefnu Reykjavíkur B-hluti.

Efnisyfirlit

1. <i>Inngangur</i>	2
2. <i>Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd</i>	2
3. <i>Samantekt - Niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra</i>	6
4. <i>Mat á verkefninu</i>	10
5. <i>Greinargerð um notkun styrkjjár</i>	10
6. <i>Kynning</i>	11
<i>Heimildir</i>	11
<i>Fylgiskjöl</i>	11

1. Inngangur

- Draumasviðið er samstarfsverkefni Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar, Austurbæjarskóla og menntavísindasviðs Háskóla Íslands sem hlaut B-hlutastyrk úr þróunar- og nýsköðunarsjóði skóla- og frístundaráði Reykjavíkur. Vegna covid 19 þurftum við að breyta ansi miklu varðandi verkefnið en erum við virkilega ánægð með útkomuna. Við teljum að verkefnið hafi komið inn á alla þætti menntastefnunnar en við lögðum áherslu á sjálfsefningu, félagsfærni og sköpun. Markmið okkar með verkefninu var að gefa unglingum vettvang og tækifæri til að læra gagnrýna hugsun, sköpun, eflingu sjálfins og samkennd.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

- Hverjar voru þær áskoranir sem verkefninu var ætlað að bregðast við?
Unglingar í dag upplifa sjaldan öryggi til að skapa, þróa og prófa sig áfram í hræðslu við að gera mistök og vera dæmd eða fá neikvæð viðbrögð frá jafningjahópnum. Við vorum því sammála um það að við vildum búa til öruggt rými þar sem gætu lært að mistök og tilraunir séu af hinu góða og það sem menn læra mest af í lífinu.
Á dögum þar sem félagslegu öryggi okkar er ekki einungis ógnað í raunheiminum heldur á netinu líka og þar þróa unglingar með sér óraunhæfar kröfur til lífs sín, hvernig þau „eiga“ að líta út, hvað er eðlilegt í samskiptum og hver vinnan er að bak sigrunum. Oft eru þessar raddir meira ráðandi í lífi barna og unglunga og því þurfa þau leiðbeiningar til að læra gagnrýna hugsun, sjálfsefningu og samkennd. Það var okkar helsta markmið með verkefninu. Við vildum nýta leiklistina til að kenna gagnrýna hugsun og að þau gætu nýtt tæki og tól sviðslistanna í sínu daglega lífi. Austurbæjarskóli er fjölmenningsarkóli og vildum við leggja áherslu á að fjölbreytileikinn í unglingahópnum fengi að njóta sín og að þau efldust í að sýna hvort öðru virðingu og skilning og vinna vel saman sem hópur. Þessi samvinna yrði lyklatríðið í eflingu félagsfærni unglingahópsins. Krafa framtíðar er að fá út í samfélagið einstaklinga sem kunna að vinna saman. Að þeir geti beitt hugsun sinni af innsæi og sköpunarkrafti; kunni að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim á gagnrýninn hátt. Leiklist er leið til að koma til móts við þessa kröfu, að hvetja unglunga til að takast á við óþekktar aðstæður með mismunandi fólki í öruggu umhverfi. Til að vera fær um að gera það með góðum árangri, verða þau að þekkja sjálf sig og geta eflit sköpunargáfu sína í samvinnu við aðra. Nemandi sem hefur þurft að setja sig í spor annarrar manneskju með því að leika ákveðið hlutverk verður væntanlega hæfari til að taka ákvarðanir og móta sér skoðanir sem byggjast á þekkingu á manneskjunni frekar en sá nemandi sem ekki hefur fengið slíkt tækifæri (Thorkeldsdóttir, 2016). Sviðslistir reyna auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu. Leiklist er einnig í eðli sínu samþætt listform þar sem allar listgreinar koma saman. Leiklist getur haft félagsleg, fagurfræðileg og tilfinningaleg áhrif á fólk. Að horfa á leikrit getur hjálpað okkur að skilja sögu, menningu og samfélagið í heild á sama tíma og það hjálpar nemendum að eflast sem persónur og með því að að geta tekið þátt í að skapa og flytja eigin texta og texta annarra, gagnrýnt og rökrætt leikið efni á sviði á gagnrýninn hátt og sett það í menningarlegt og sögulegt samhengi sem skiptir máli í fjölmenningsarsamfélagi (Thorkeldsdóttir, 2016). Námsávinningur vegna leiklistar og eða listar í skólasterfi sem fer fram hvort sem er í kennslustofu eða í félagsmiðstöðvum er að mati Michael Anderson (2013) fagurfræðilegur, persónulegur, félagslegur, pólitískur og kennslufræðilegur (bls. 293). Listir hjálpa nemendum að tjá sig og með því að byggja upp eigin reynslu öðlast þeir betri sjálfþekkingu. Góð listmenntun getur skert næmni og athygli nemenda og gert það að verkum að þeir skynji hlutina betur út frá fagurfræðilegu sjónarhorni.
- Af hverju var ákveðið að fara í verkefnið?
Í nýrri Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á sköpunargáfu, aðlögunarhæfni og betri samskiptahæfni einstaklingsins. Þessi áhersla byggir á hugmynd um víðtækari þjálfun ungs fólks til að auka sjálfstraust þeirra og gera þau hæfari í breyttum heimi. Börn eru þátttakendur í tæknivæddu neysluþjóðfélagi sem er að mörgu leyti ópersónulegt. Rannsóknir sýna að þeim börnum fjölgar sem

hreyfa sig lítið og mörg börn meðtaka aðeins leik með því að horfa á sjónvarp eða leika sér í skipulögðum leikjum sem eru ímynd annarra (tölvuleikir). Sjálfspottnir leikir eru á undanhaldi (Rannveig Þorkeldsdóttir, 2018). Við vorum því viss um að leiklistin gæti stuðlað að því að efla alla þessa hluti hjá unglingunum. Eva Halldóra Guðmundsdóttir, sviðslistahöfundur og félagsmiðstöðvarstarfsmaður, leiddi skapandi vinnu með unglingum á aldrinum 13-16 ára í Austurbæjarskóla og hjálpaði þeim að búa til samsköpunarverk. Við vildum með þessu sköpunarferli búa til tíma og rými fyrir unglingana til að kynnst ólíkum listformum, sköpunaraðferðum og hvernig þau gætu miðlað sínum ástríðum til áhorfenda. Seigla, þrautseigja og gagnrýni eru þau tól sem sköpun gefur listamönnum og vildum við styðja unglingana okkar í að tileinka sér þessa eiginleika því þeir nýtast okkur allstaðar í lífinu. Listin hvetur til hugrekis og að leita frumlegra leiða til að miðla til áhorfenda. Listin er rannsóknarleiðangur, spurningar og forvitni. Okkur þykir því mikilvægt að unglingar hafi fengið að kynnst tækjunum og tölunum til að skapa sjálfstætt, vinna í hópi og leiða hópavinnu. Í samsköpunarvinnu (devised) í sviðslistum hefur hver og einn mikilvægt ábyrgðarhlutverk í að framfylgja sýn hópsins og með því að hafa gefið unglingunum þá ábyrgð höfum við vonandi aukið trú unglinganna á eigin getu og eftir sjálfstraust þeirra.

- Hvernig var skipulagi og framkvæmd verkefnisins háttað? (Tímarammi, umfang, verkhlutar, verkaskipting).

Austurbæjarskóli myndi bauð upp á valnámskeið sem var kennt tvisvar sinnum í viku og Eva Halldóra kenndi námskeiðið. Áfanginn var í töflu nemenda út skólaárið. Eva hefur verið í 41,25% vinnu við að leiðbeina unglingunum, sjá um utanumhald og hafa yfirumsjón með framkvæmd og yfirsýn verkefnisins. Dr. Rannveig Björk Þorkeldsdóttir lektor í leiklist og Hanna Ólafsdóttir lektor í myndlist leiða rannsóknarþróunarvinnuna þar sem rannsókuð eru áhrif sköpunar og listrænnar vinnu á sjálfsmynd og andann í hópnum.

Í valáfanganum gafst unglingunum tími og rými til að semja og setja upp verkið. Opnanir og húsnæði félagsmiðstöðvarinnar 100&1 voru nýtt í vettvangsferðir og æfingar fyrir verkið. Félagsmiðstöðin hefur einnig komið að því að virkja unglunga til þátttöku að hluta. T.d. með því að hvetja unglunga með ljósmyndaáhuga til að taka myndir fyrir leikskrá, unglunga sem hafa áhuga á fötum og tísku til að taka þátt í búningahönnun og svo mætti lengi telja.

Verkefninu var skipt í þrjá hluta. Drauminn, sköpunina og framkvæmdina. Þessir hafa verið settir upp eins og vinnustofur þar sem hópurnir skiptir sér upp til að vinna og kemur svo saman til að taka umræður. Allar umræður yrðu voru skráðar niður og Eva hélt utan um þær. Unnið var eftir þessari kennsluáætlun með örlitlum tilfæringum vegna veikinda og svo að lokum covid sem skar 6 vikur af ferlinu:

Dagsetning	Tími	Lýsing	Verkefnaskil
28. ágúst	Hópefli og kynning	Við munum fara í leiki til að kynnst ásamt því að kennari mun kynna fyrir nemendum hvernig áfanginn er byggður upp.	

4. september	Upphitunarleikir og aðferðir til gagnrýni.	Við byrjum á að læra nokkra upphitunarleiki og einbeitingarleiki. Nemendur munu fá í hendurnar grunn aðferðir til að gagnrýna og greina listaverk. Saman sem hópur munu þau nota þessar aðferðir við að greina verk sem kennari mun leggja fyrir.	Allir velja sér eitthvað verk til að gagnrýna eftir þessum aðferðum og kynna svo fyrir hvort öðru í tímanum 18. september.
11. september	Könnun	Nafnlaus og órekjanleg könnun verður tekin á félagshæfni, samskiptum og menningu nemendanna.	
18. september	Kynningar á verkefnum	Nemendur kynna verkefni sín sem sett voru fyrir.	
25. september	Spunaleikir	Við munum læra nokkra skemmtilega spunaleiki.	
2. október	Mannréttindi og forréttindi.	Leikir sem vinna með hvað eru mannréttindi og hvað eru forréttindi. Nemendur vinna með að setja sig í spor annarra.	
9. október	Skoðum listaverk	Kennari leggur til verk sem hópurinn skoðar saman. Hópurinn mun leggja	Nemendur velja listaverk til að skoða í næsta tíma
16. október	Skoðum listaverk	Nemendur kynna verk sem þeim finnst mikilvæg í samtímanum.	

23. október	Sköpun verka	Nemendur byrja að skapa lítil örverk hver fyrir sig. Þau skapa í tímanum ásamt því að fá handleiðslu kennara.	Nemendur vinna verk sín utan tíma
30. október	Sköpun verka	Haldið er áfram með sköpun örverkanna.	Nemendur vinna verk sín utan tíma.
6. nóvember	Starfsdagur		
13. nóvember	Sýning verka	Hver og einn nemandi sýnir verkið sitt og haldnar eru umræður um hvert og eitt verk.	
20. nóvember	Sköpun verka	Nemendur byrja að skapa lítil örverk hver fyrir sig. Þau skapa í tímanum ásamt því að fá handleiðslu kennara.	
27. nóvember	Sköpun verka	Haldið er áfram með sköpun örverkanna.	
4. desember	Sýning verka	Hver og einn nemandi sýnir verkið sitt og haldnar eru umræður um hvert og eitt verk.	
11. desember	Söfnun efniviðs fyrir heildarhugmynd	Nemendur rannsaka efnivið og hugmyndir sem þau vilja vinna með.	
18. desember	Söfnun efniviðs fyrir heildarhugmynd	Nemendur rannsaka efnivið og hugmyndir sem þau vilja vinna með.	

8. janúar	Heildarhugmynd (concept)	Nemendur halda umræður og skoða efniviðinn sem þau rannsökuðu og hugmyndirnar þeirra. Í lok umræðna verða þau að vera búin að sammælast um hvað þau ætla sér að setja upp.	
15. janúar – Lok skólaárs.l	Æfingarferli og ígrundun ferlis.	Nemendur setja upp og æfa lokaverkið sitt. Frumsýningartími verður auglýstur síðar. Eftir frumsýningu ígrunda nemendur lokaafurð sína.	Ef þarf að læra texta, búa til leikmynd, búa til leikmuni eða hvað sem sýningin þarfnast munu nemendur deila með sér verkefnum utan kennslustunda.

Fyrsti hluti Draumasviðsins „Draumurinn“ fólst í því að hrista hópinn saman með hópefli, þau gerðu samskiptareglur hópsins, fóru í spunaleiki, lærðu upphitunar- og einbeitingarleiki. Einnig skoðaði hópurinn mannréttindi, forréttindi, hvað er það sem gerir okkur eins og við erum? Hvað tengir okkur saman? Hvernig erum við ólík? Hvernig erum við lík? Í gegnum leiki og æfingar úr bókinni Kompás, verkfærakistu Amnesty International og karaktersköpun.

Hópurinn hefur skoðað hin ýmsu listaverk bæði sem leiðbeinandi hefur kynnt fyrir þeim og verk sem þau völdu sér sjálf til að kynna fyrir hópnum. Verkin voru t.d. ljósmyndir, plötuumslag, myndir af innsetningum, tónlistarmyndbönd, memes og margt fleira. Einnig fór hópurinn saman í leikhús að sjá Shakespeare verður ástfanginn og fóru að skoða Chromo Sapiens eftir Hrafnhildi Arnardóttur. Leiðbeinandi kynnti svo fyrir þeim aðferðir til að gagnrýna verkin sem byggir á því að reyna að komast að því hvað listamaðurinn ætlaði sér með verkinu í bland við okkar eigin upplifun, fagurfræði og reynsluheim. Þetta gaf unglungunum tæki og tól sem nýttist þeim í öðrum hluta verkefnisins sem hét „Sköpunin“ sem fólst í því að þau sem hópur sömdu leikverk til að sýningar og sá hluti byrjaði einstaklega vel. Þau skrifuðu mónólóga eða einræður, bjuggu til stillimyndir á sviði eftir þemum eða tableau vivant og völdu sér heildarhugmynd til að vinna eftir. Þau vildu vinna með að kryfja fordóma. Hvaðan koma þeir? Hvernig gætum við spornað við þeim? Til þess notuðu þau fordóma sem unglingar verða fyrir og ætluðu sér að sviðsetja stereotýpíska unglunga og brjóta niður þessar staðalimyndir til að endurspegla að raunveruleikinn er ekki svo einfaldur. En í mars þegar samkomubannið skall á misstum við 6 vikur úr æfingaferlinu og gerði það að verkum að virkilega erfitt var að vita hvort möguleiki væri á því að setja upp sýningu eða ekki. Hópurinn vildi samt gera einhverja lokaafurð. Hópurinn tók það sem þau voru búin að skapa og yfirfærðu það á kvikmyndaform og bjuggu til stuttmynd.

3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

- Hver er reynslan af verkefninu á viðkomandi starfsstað/starfsstöðum?
Verkefnið hefur gengið virkilega vel. Örlitlir hnókrar hafa verið til að byrja með en allt eitthvað sem auðvelt hefur verið að bregðast við. Eva hefur þurft að eyða miklum tíma í að hrista hópinn saman, búa til traust og gera tilraunir með þeim til að skapa öryggi með þeim til að standa á sviði. Einnig hafa miklar breytingar verið á hópnum eftir áramót þar sem tveir einstaklingar sem sinntu hlutverki í verkinu skiptu um skóla og tveir aðrir fóru í sóttkví sem gerði það verkum að unglingarnir þurftu að endurskipuleggja æfingar og verkið sjálft. Þegar samkomubannið skall á dattu valáfangar út úr töflu hjá krökkunum. Eftir

að því var aflétt og við ekki viss hvort við gætum haldið einhverja sýningu vegna takmarkanna og því ákvað hópurinn að gera stuttmynd upp úr handritinu sem þau höfðu samið.

Austurbæjarskóli hefur sá alfarið um skipulagningu á praktískum atriðum eins og setja tíma í töflu nemenda, skrá nemendur sem hafa viljað bætast við, mentor aðgang fyrir leiðbeinanda og margt annað. Dr. Rannveig og Hanna hafa séð um utanumhald og skipulag á viðtölum, trúnaðaryfirlýsingum, pappíra til undirskriftar, áhorfi í tímum og öllu því sem rannsóknunum koma við. Eva hefur séð um kennsluna og framkvæmdina á gólfinu.

Samstarf aðila hefur gengið ofboðslega vel og allir til í að leggja hendur á plóg til að bregðast við áskorunum verkefnisins. Sem dæmi má nefna hvatningar frá starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar til þátttöku, Austurbæjarskóli hefur brugðist við og fundið aðstöðu fyrir æfingar hópsins og Dr. Rannveig og Hanna hafa komið með ómetanlegar uppástungur að verkefnum og lausnum í ferlinu.

Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar brást virkilega vel við þegar við vildum bæta við fleiri þátttakendum í verkefnið og sendi út þessa auglýsingu, hengdi hana upp í félagsmiðstöðinni og kynnti fyrir unglíngunum. Einnig hafa þau verið virkilega liðleg að leyfa okkur að funda í félagsmiðstöðinni þegar þess hefur þurft.



Hægt er að lesa ýtarlegri lýsingu á verkefnum, reynslunni af þeim og ávinninginn fyrir unglíngana.

- **Hvernig geta niðurstöður verkefnisins nýst öðrum?**
Vonandi getur verkfærakistan og skráningin á ferlinu nýst öðrum sem vilja fara í samsköpunarvinnu með unglíngahóp annaðhvort inni í skólastofunni, félagsmiðstöð eða hverskyns hópastarfi. Eva hélt utan um verkefnið og uppsetningu í vinnubók sem er hér meðfylgjandi lokaskýrslunni þar sem tekin eru saman verkefnið sem notast hefur verið við í ferlinu.
- **Hver var ávinningur verkefnisins fyrir börnin?**
Við sáum unglíngana blómstra í verkefniinu. Þegar samkomubannið skall á voru unglíngarnir að fara að skila inn nafnlausum bréfum fyrir rannsóknina þar sem þau áttu að skrifa heiðarleg bréf hvernig þeim finnst verkefnið nýtast þeim eða ekki. Sum þeirra skiluðu eftir samkomubann en önnur ekki. Unglíngarnir höfðu mikið að segja um hvaða vettvangsferðir voru farnar, hvað var notað sem rannsóknarefni og hvaða æfingar þau notuðu til upphitunar. Eva hefur var dugleg að kynna fyrir þeim leiki, æfingar og aðferðir til vinnu og í gegnum samtal við unglíngana en þau fengu að ráða hvernig framvindan var. Unglíngalýðræði var mikið nýtt í sköpunarferlinu.

Draumurinn:

Strax í upphafi ferlisins gerði hópurinn saman samskiptareglur. Eva spurði hvað þeim þætti mikilvægt í hóp sem væri að fara að semja saman sýningu. Þau áttu góðar umræður um hvernig sköpunarferli fer fram og hvað er mikilvægt að fá að gera mistök. Þessar umræður opnuðu hópinn strax fyrir því að passa upp á hvort annað.

Hér má sjá reglurnar sem þau settu sér:

- Trúnaður og öryggi.
- Bannað leggja í einelti
- Má segja nei án þess að vera leiðinlegur.
- Bannað að nota að síma nema fyrir leiklistina.
- Bannað að blóta til að vera leiðinlegur.
- Verum næs við hvort annað.
- Verum einlæg (bannað að vera hrokafullur og besserwisser)
- Allir eru jafningjar.

Því næst var farið í að skoða listaverk og læra gagnrýniáðgerðir. Mörg þeirra höfðu ekki lært aðferðir til gagnrýni en vissu upp á hárf að gagnrýni er ekki það sama og smekkur. Þau ræddu og lærðu að þegar maður gagnrýni verk er maður að reyna að skilja verkið og skilja afhverju listamaðurinn gerir/gerði verkið. Þau skoðuðu verk eins og t.d. plötuumslagið á plötunni Titanic Rising eftir Weyes Blood, tónlistarmyndbönd á borð við Formation eftir Beyoncé, ljósmyndaseríuna Los Intocables eftir Erik Ravelo og margt fleira. Margir töluðu um að þegar maður rannsakar verk og listamenn betur kann maður að meta verkið meira eða þver öfugt. Evu fannst að með því að læra gagnrýni aðferðir fyrst nýttist það þeim í samskiptarferlinu. Þegar maður er að semja verk saman er mikilvægt að geta greint hvað maður er að gera og orðað það sem maður sér aðra gera án þess að styðjast við eigin smekk. Hægt er að gagnrýna verk á margan máta en Eva setti saman skjal þar sem þau geta stutt sig við hlutlausar spurningar og þar af leiðandi gert sér grein fyrir hvernig þau geti gagnrýnt verk sjálfstætt.

Hér má sjá spurningarnar sem þau studdust við:

Hvað sjáum við? Samhengið?

1. Sviðsetning.
2. Rými / staðsetning
3. Leikur / leikstill
4. Búningar
5. Lýsing
6. Hljóðmynd
7. Texti
8. Kyn leikara
9. Tilvitnanir
10. Props.
11. Hvaða tilfinningu fáum við?
12. Sjáum við eitthvað pólitískt?
13. Hvaða listamaður er þetta?
14. Afhverju er listamaðurinn að sýna okkur þetta?
15. Hvaða niðurstöðu fáum við út úr þessu? Persónulegt mat.

Einnig skoðuðu þau mikið mannréttindi og samfélagið í kringum sig með áherslu á fjölmenningu og fjölbreytileika. Ástæðan fyrir þessum umræðum var að horfa gagnrýnum augum á samfélagið til að eiga auðveldara með að greina hvað brennur á hópnum að ræða um í verkinu sínu. Sem dæmi má nefna umræður um hver er munurinn á forréttindum og mannréttindum, leikurinn taktu skref ([Taktu skref áfram](#)) og kíkt í verkfærakistu Amnesty og tókum leikinn Allir eiga rétt á ([Allir eiga rétt á](#)). Þessir leikir og umræður hafa orðið til þess að hópurinn er færari í að koma frá sér hvað þeim finnst og eiga auðveldara með að mynda sér skoðanir eða jafnvel kryfja mál enn betur og skipta um skoðanir.

Sköpunin

Í þessum fasa verkefnisins fóru unglingarnir í karaktersköpun og bjuggu til hinar ýmsu persónur. Þau t.d. sömdu einræður og studdust við hin ýmsu verkfæri til þess. Mónólógur eða einræða er eintal einnar persónu við sjálfan sig eða aðra. Þau lásu einræðurnar fyrir hvort annað og gáfu endurgjöf á þær. Þau voru einkar dugleg að einbeita sér að því að veita uppbyggilega gagnrýni af virðingu. Það reyndist virkilega nytsamlegt að vitna í samskiptareglurnar þegar þau voru í endurgjöfinni.

Hér má sjá gögnin sem þau fengu til að styðjast við í einræðugerðinni:

Þau völdu sér fréttir og skrifuðu upp úr henni mónólóg. Eva lagði til þessar fréttir en þau máttu svo sannarlega velja sér fréttir sjálf.

- [Lögregluamaðurinn í æsilegu eftirförinni á Suðurlandi sýknaður](#)
- https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/10/23/islenskir_sjalfbodalar_handteknir_i_palestinu/
- [Hann hvarf 6 vikum eftir brúðkaupið – 70 árum síðar var sannleikurinn afhjúpaður](#)
- [Fljótir að finna fólkið í svörtum reyknum](#)
- [Veturinn kom aftan að fólki á Norðurlandi](#)
- <https://eyjar.net/read/2019-10-22/clara-valin-i-lokahop-u19/>
- [Horfði oftár á magann í spegli en andlitið](#)

Spurningar sem þau fengu til styðjast við í skrifunum:

- Hver er ég? (t.d. nafn, aldur, hvar bý ég, fjölskylda, hvað líkar mér og hvað líkar mér ekki, líkamsbyggð, trúarbrögð, menntun, á ég vini eða óvini).
- Tímasetning (t.d. Öld, ár, árstíð, dagur, mínúta, bekkur, mikilvægi tímasetningarinnar o.s.frv.).
- Staðsetning (Land, borg, hverfi, bygging, herbergi o.s.frv.)
- Umhverfi (dauðir hlutir, plöntur, dýr, hlutir sem lýsa félagslegri stöðu, smáatriði í umhverfinu).
- Kringumstæður (hvað var að gerast, er eitthvað að fara að gerast, er einhver að koma, er ég að fara eitthvert o.s.frv.)
- Sambönd (pör, hjónaband, systkyni, keppinautur o.s.frv. Og lýsa sambandinu t.d. Er aldursmunur? Saman í bekk? Vinna saman? o.s.frv.)
- Langanir (Hvað langar / þarf persónan í mónólógnum? Aðal markmiðið í augnablikinu og í senunni).
- Hindranir (Hver / hvað stendur í vegi fyrir persónunni?)
- Hvað mun ég gera til að fá það sem ég vil / þarf? (t.d. Ég mun ræna banka til að fá pening).

Þau gerðu líka hinar ýmsu tilraunir á sviði og taka umræður eftir það til að skýra fyrir sér hvernig tókst til. Þau ýmist horfðu á hjá hvort öðru eða unnu saman sem hópur. Þessar æfingar eru til þess gerðar að unglíngarnir geri sér betur grein fyrir hvernig þau geta sviðsett ásetning sinn.

Hér má sjá dæmi um æfingar og útskýringar á þeim en hægt er að skoða æfingarnar betur í verkfærakistu verkefnisins:

Tableau vivant: Þau búa til myndir með líkamanum án þess að hreyfa sig eða stillimyndir. Nemendur fengu þemu sem þau túlkuðu með stillimynd á sviði. Þemun voru t.d. Ofbeldi, ást, einelti, ferðalög, vinna, gamlir, ungir eða hvað sem þeim datt til hugar. Í fyrsta roundi notuðu þau ekki props og þau sem fóru á svið vissu þemað en ekki áhorfendurnir. Fyrst fór einn í einu upp á svið til að túlka þema, svo tveir í einu og svo hópur. Áhorfendur fengu svo tíma til að túlka hvað þau sáu á sviðinu og hvaða þema þetta gæti verið með umræðum. Þau spurðu sig spurninga á borð við hvað sjáum við? Hvaða aðstæður gætu þetta verið? Hvað segir fjarlægðin um samband fólksins á sviðinu? Hvað segir líkamsstaðan um persónurnar? Er þetta leikhús? Áhorfendur velta vöngum yfir þessu meðan leikarar standa í þögn í myndinni í rýminu. Þegar áhorfendur eru búnir að tjá sig fá leikararnir tíma til að útskýra hvað þau ætluðu sér með myndinni. Ef áhorfendurnir skilja ekki hvað leikarinn er að reyna að segja má hópurinn reyna að finna leiðir til að skýra myndina svo þemað eða áætlun leikaranna skýrist eða verði betri. Svo var æfingin endurtekin með propsi, hljóðmynd, gera þetta úti eða hverju sem er.

Í lok sköpunarhluta verkefnisins tóku þau umræður í vinnustofu þar sem hópurinn ákvað að vinna með fordóma.

Framkvæmdin

Vinna þeirra í síðasta hluta ferlisins var að kryfja fordóma. Hvaðan koma þeir? Hvernig getum við spornað við þeim? Við tók rannsóknarferli þar sem þau leituðu heimilda á netinu um hvað fordómar eru og hvar fordómar birtast. Þau nýttu sér internetið til þess. Því næst tóku þau umræður um hvaða fordóma þau hafa séð eða orðið fyrir sjálf. Þegar þau voru komin með grunnskilning á hugtakinu þá ákváðu þau nota rannsóknarspurninguna „afhverju er fólk með fordóma?“ sem leiðarljós í ferlinu. Þau byrjuðu að leita sér að innblæstri og var mikið leitað í kvikmyndir og bækur sem þau höfðu lesið þar sem þeim fannst þau sjá fordóma. Þau byrjuðu á að prufa að taka senur úr bíómyndum og endurgera þær eins og þær gerðust í þeirra eigin raunveruleika. Þau

Til þess að skilja og skoða fyrirbærið fordóma og vera fær um að miðla því til áhorfenda vildu þau styðjast við eigin upplifanir. Fordóma sem unglíngar verða fyrir. Þau ætluðu sér að sviðsetja stereotýpíska unglíngar og brjóta niður þessar staðalimyndir til að endurspeglar að raunveruleikinn er ekki svo einfaldur. Úr rannsóknarferlinu völdu þau sér þessi þrjú myndbönd til þess að vinna með sem dramátúrgíu verksins:

1. Týpur í unglíngamyndum: <https://youtu.be/kzxwRdsng4Y>
2. Heilinn: <https://www.youtube.com/watch?v=hiduiTq1ei8&t=38s>
3. The single story:
https://www.ted.com/talks/chimamanda_ngozi_adichie_the_danger_of_a_single_story/transcript?language=en#t-1110789

Þau höfðu spurnið senur upp úr innblæstri og rannsóknunum sem þau unnu og úr varð handrit sem átti eftir að æfa og fínþússa. En þegar samkomubannið var sett á máttu nemendur ekki sækja tíma í valgreinum og því gat hópurinn ekki æft. Þegar því var aflétt hittist hópurinn og ræddi um hvað hægt væri að gera því á þeim tímapunkti mátti ekki bjóða foreldrum á sýningu og vildu þau ekki bara sýna fyrir samnemendum og þau höfðu nánast engan tíma til þess að æfa sýninguna. Þau vildu samt reyna að búa til einhverja lokaafurð og því tóku þau upp á því að gera stuttmynd upp úr handritinu sem þau höfðu samið. Nú eru þau að klára að taka upp senur og klippa saman myndina og vonandi ná að klára fyrir skólaslit.

- Hvernig tengdist verkefnið fræðasamfélaginu eða rannsóknum?
Dr. Rannveig Björk Þorkeldóttir lektor í leiklist og Hanna Ólafsdóttir lektor í myndlist leiddu rannsóknarþróunarvinnuna þar sem rannsókuð voru áhrif sköpunar og listrænnar vinnu á sjálfsmynd og andann í hópnum. Þær voru áhorfendur í tímum og hafa tekið viðtöl við bæði unglíngana og Evu Halldóru leiðbeinanda. Eins skrifuðu nemendurnir dagbókarfærslur sem notaðar verða við mat á verkefninu. Viðtöl hafa verið tekin upp og skráð og er greiningarvinnan hafinn. Vegna covid 19 varð minna um gagnasöfnun er gert var ráð fyrir í upphafi.

4. Mat á verkefninu

- Hvernig var mati á verkefninu háttað? Var það formlegt (rannsóknir, gátlistar menntastefnu eða annað) eða óformlegt (ígrundun, samræður, huglægir þættir)?
Mat á verkefninu fór aðallega fram í gegnum rannsóknirnar en vissulega réð ígrundun með samstarfsaðilum og unglíngunum mörgu í framvindu, tilraunum og reynslu í verkefninu. Unglíngarnir höfðu mikið að segja um hvaða vettvangsferðir voru farnar, hvað var notað sem rannsóknarefni og hvaða æfingar þau notuðu til upphitunar.
- Voru markmið verkefnisins uppfyllt?
Markmiðið að gera samsköpunarverk tókst til að því leitinu til að handritið að verkinu var nánast tilbúið en gátum ekki haldið leiksýninguna vegna covid 19. Hins vegar eiga þau handritið sem lokaafurð og vonandi tekst að klára stuttmyndina fyrir skólaslit. Við náðum að skapa öruggt rými þar sem þau gátu lært að mistök og tilraunir. Þau lærðu aðferðir til gagnrýni, sköpunar og að vinna í hóp.

5. Greinargerð um notkun styrkfjár

- Hvernig var styrknum ráðstafað? (Vinnuframlag, launagreiðslur, annar kostnaður, o.fl. sé sundurliðað)

Þetta er sundurliðun á fjárnotkun.

Kostnaðarþáttur	Heildarkostnaður (þús. kr.)	Hluttur Þróunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur (þús. kr.)	Framlög Tjarnarinnar og Austurbæjarskóla Styrkur (þús. kr.)	
				Aðili
Laun umsjónarmanns 41,25% starf	1.849.436þús.kr.	818.236kr.	Tjörninn: 672.522 kr. Austurbæjarskóli: 358.678. kr. Samtals: 1.031.200 kr.	15% starf Tjörninn 8% starf Austurbæjarskóli

Efniskostnaður Leikmynd og búningar og ferðir	60þús.kr.*	0	60þús.kr.	Tjörninn
Háskóli Íslands Rannveig + Hanna (greiningarrvinna, greinaskrif og vinna að gagnagrunni)	150þús.kr	150þús.kr.		
	2.103.436kr.	818.236kr.	1.091.200.kr.	

*60.000 kr. í efniskostnað, leikmynd, búningar og ferðir er fyrir leikhúsférf með hópinn á Shakespeare verður ástfanginn.

6. Kynning

- Hvernig verður verkefnið kynnt fyrir samstarfsfólki og öðrum hagsmunaaðilum?
Verkfærakista námskeiðsins er kynningin á uppsetningu og verkfærum sem notuð voru í ferlinu.
Stefn er að því að kynna frumniðurstöður á Menntakviku 2020 og með greinarskrifum bæði erlendis sem og hér heima.
- Hvaða kynningar hafa þegar farið fram á verkefninu og/eða niðurstöðum þess?
Engar enn aðrar en fréttir á heimasíðu félagsmiðstöðvar og tölvupóstar á foreldra í unglingadeild Austurbæjarskóla.
- Varð til einhver afurð með verkefninu sem hægt væri að deila með öðrum í [verkfærakistu á vef menntastefnunnar](#) (Dæmi: myndband, vefur, greinaskrif, handbók, verkefnalýsing eða annað)?
Verkfærakista námskeiðsins er meðfylgjandi í lokaskýrslunni.

Heimildir

Fylgiskjöl

ATH. Skila þarf skýrslu í tölvupósti á sfs@reykjavik.is